

**261. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
mánudaginn 6. mars 2023 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður,  
Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri  
skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Karl Jóhann  
Haagensen byggingarfulltrúi, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri og Jón Arnar  
Sverrisson garðyrkjustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2209219 - Opin svæði - úttekt**

Opin svæði og leikvellir  
Yfirlit og úttekt

*Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri kynnti úttekt sína á opnum svæðum og  
leikvöllum.*

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Jóni Arnari fyrir góða kynningu.*

**2. 2302142 - Umferð um reiðveg við Akurprýði - fyrirspurn**

Ósk landeiganda að Akurprýði 3 um að setja upp lokanir á reiðvegi og hljóðmön.  
*Skipulags- og umhverfisráð felur Alfreð Alfreðssyni rekstrarstjóra áhaldahúss að  
loka reiðstígnum við Akurprýði fyrir bílaumferð. Beiðni varðandi hljóðmön  
þarfust sérstakrar skoðunar hjá skipulags- og umhverfissviði.*

**3. 2303034 - Aðalskipulag Akraness breyting - Garðaflói**

Skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Akraness 20021-2033 og gerð nýs  
deiliskipulags. Breytingin er gerð fyrir uppbyggingu athafnasvæðis í Garðaflóa  
norðan Þjóðvegar og austan Flóahverfis. Svæðið sem um ræðir er rúmlega 50ha  
og tekur breytingin til þriggja landnotkunarreita opinna svæða, þ.e. OP-320,331  
og 332.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsing verði  
auglýst og kynnt.*

**4. 2303033 - Deiliskipulag Garðaflói**

Skipulagslýsing lögð fram fyrir breytingu á aðalskipulagi Akraness 20021-2033  
og gerð nýs deiliskipulags. Breytinginn er gerð fyrir uppbyggingu athafnasvæðis  
í Garðaflóa norðan Þjóðvegar og austan Flóahverfis. Svæðið sem um ræðir er  
rúmlega 50ha og tekur breytingin til þriggja landnotkunarreita opinna svæða, þ.e.  
OP-320,331 og 332.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsing verði  
auglýst og kynnt.*

**5. 2103268 - Deiliskipulag - Höfðasel**

Skipulagslýsing lögð fram fyrir nýtt deiliskipulag Höfðasel. Markmið lýsingarinnar er að vinna nýtt deiliskipulag sem mun koma í stað eldra deiliskipulags, sem ekki telst hafa formlegt gildi.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsing verði auglýst og kynnt.*

**6. 2202023 - Deiliskipulag Grjótkelduflóa**

Skipulagslýsing lögð fram fyrir nýtt deiliskipulag Grjótkelduflóa. Gerð verður grein fyrir núverandi og fyrirhugaðri landnotkun á svæðinu en þar er gert ráð fyrir rúmlega 71ha athafnasvæði í Grjótkelduflóa og Krikjutungu norðan Berjadalsá.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsing verði auglýst og kynnt.*

**7. 2211077 - Vatnasvæðanefndir - tilnefningar með tilvísan í 6. gr. reglugerðar um stjórn vatnamála.**

Erindi frá Umhverfisstofnun Akraneskaupstaðar um tilnefningu í vatnasvæðanefnd.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að tilnefna Höllu Mörtu Árnadóttur skipulagsfulltrúa, sem fulltrúa sinn í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr.36/2011 og reglugerð n.935/2011 um stjórn vatnamála.*

**8. 2301128 - Deiliskipulag Dalbrautarreitur - Stillholt 23 og Dalbraut 2**

Umsókn Krark arkitekta fyrir hönd NH-2 ehf. sótt er um að breyta skipulag á dalbrautarreit. Í breytingunni felst að sameina lóðirnar, rífa núverandi húsnæði á Stillholt 23 og Dalbraut 2, byggt verður upp 16 hæða hús með 70 íbúðum auk verslunar og þjónustu á jarðhæð. Gert er ráð fyrir niðurgarfni 2-3 hæða bílgeymslu með allt að 105 stæðum í kjallara. Heildar bygginarmagn á lóðum verður 14.700.

*Skipulags- og umhverfisráð hafnar 16 hæða íbúðarbyggingu og leggur til að hönnun hússins verði endurskoðuð með tilliti til bæjarmyndar, nærliggjandi húsa, umhverfisgæða og grundunar með tilliti til aðliggjandi íbúðarlóða.*

*Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.*

**9. 2207007 - Deiliskipulag Breiðarsvæði - Bárugata 15, breyting**

Umsókn Múrverk RG ehf. um breytingu á deiliskipulagi Breiðarsvæðis, breytinginn á bara við lóð við Bárugötu 15. Í breytinguni felst að breyta húsnæði að hluta til í fjölbýslis hús með 8 íbúðum, húsið verður hækkað í fjórar hæðir. Nýtingarhlutfall lóðar verður 1,6.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Bárugötu 15 verði kynnt á almennum íbúafundi.*

**10. 2302187 - Bjarkargrund 18 sólstofa - umsókn um Byggingarheimild**

**10. 2302187 - Bjarkargrund 18 sólstofa - umsókn um Byggingarheimild umfangsflokkur 1**

Umsókn lóðarhafa varðandi lóð Bjarkargrund 18, lóðin er á ódeiliskipulögðu svæði. Sótt er um byggingarleyfi til að byggja sólstofu 19,4 m<sup>2</sup> að stærð.

*Guðmundur Ingþór Guðjónsson* vék af fundi undir þessum dagskrárið.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að byggingarleyfið verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Grenndarkynnt verður fyrir lóðarhöfum 16, 17, 20, 22 og 24 við Bjarkargrund.*

**11. 2211098 - Sementsverksmiðjan á Akranesi - framtíðarstaðsetning**

Ósk Sementsverksmiðjunnar um formlegar viðræður við bæjaryfirvöld um mögulega staðsetningu Sementsverksmiðjunnar á Akranesi.

*Skipulags- og umhverfisráð bendir á að samkvæmt fyrirhuguðu deiliskipulagi er reiknað með íbúðabyggð á athafnasvæði Cementverksmiðjunar í dag. Ráðið leggur því til við bæjarráð að hafna erindi forsvarsmanna Cementverksmiðjunnar um áframhald á starfsemi Cementverksmiðjunnar á sama stað eftir 1.ágúst 2028.*

**12. 2303029 - Garðavöllur - landnýting og lóðarleigusamningur**

Garðavöllur - minnisblað um landnýtingu og lóðarleigusamning (Deiliskipulag Garðavalla) lagt fram.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar framkomið erindi. Stefnt skal að fundi ráðsins með stjórn golfklúbbssins Leynis. Sviðstjóra falið að boða fundinn.*

**13. 2301169 - Villikettir - málefni**

Ný aðstaða fyrir villiketti kynnt.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að Villikattafélag Vesturlands fái hluta af skúr við Garðalund til afnota til tveggja ára, eins og fram kemur í samkomulagi milli Akraneskaupstaðar og Villikattafélags Vesturlands.*

**14. 2205006 - Þjónustugjaldskrá - breyting**

Breyting á texta 4.1.1 í þjónustugjaldskrá, 4. gr. og í kafla 2.2.

*Breyting á lið 4.1.1. í gjaldskrá er sem hér segir:*

*Var: Efni/uppgröftur flutt á losunarstað pr m<sup>3</sup>"*

*Verður: "Uppgreftri komið fyrir á losunarstað jarðefna innan sveitarfélagsins pr m<sup>3</sup>"*

*Breyting á lið 2.2.1 í gjaldskrá er sem hér segir:*

*Var: "Stöðuleyfi vegna gáma, báta, skúra og dúkskemma, veitt til eins árs"*

*Verður: "Stöðuleyfi vegna hjólhýsa, gáma, báta og dúkskemma, veitt til eins árs"*

*Breyting á lið 2.2.2 og 2.2.3 í gjaldskrá er sem hér segir:*

*Í stað "söluvagna og söluskúra" komi "torgsöluhúsa og samkomutjalda".*

*Eftir lið 2.2 bætist við setningin:*

*Sjá gr. 2.6.1. Umsókn um stöðuleyfi og 2.6.2. Heimild leyfisveitanda til að fjarlægja lausafjármuni, í byggingarreglugerð nr. 160/2010.*

Skipulags- og umhverfissvið samþykkir umræddar breytingar og vísar málínú til bæjarstjórnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:00.

Gunn - Sveinbjörn Guttormsson  
Valgarður L. Þorsteinsson  
Soravis Ástríður Sigurmundsdóttir.

Halla Magnússon  
Sigurður Þóll Harðarson  
Karl Síðarr Þorsteinsson